



Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um endurnýjun á endurvinnslustöðvum

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar þann 9. nóvember 2022 var lög fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

„Í fundargerðum SORPU kemur fram að endurnýjunar er sé þörf á endurvinnslustöðvum. Borgin á ekki að greiða stofnframlag, en 350 milljónir verða sóttar til Reykjavíkur vegna reksturs endurvinnslustöðva. Spurning 1 Hver mun borga endurnýjun endurvinnslustöðva? Samkvæmt fylgiskjölum er hér um stórmál að ræða og veruleg gjaldskrárhækkun væntanleg vegna þess. Spurning 2 Leit hefur staðið yfir að nýjum urðunarstað í samræmi við eigendasamkomulag frá 2013 og viðauka sem gerður var 2020 um að urðun í Álfsnesi yrði hætt 2023. Það er mat stjórnenda SORPU að framlengja þarf þurfi heimild SORPU bs. til að urða í Álfsnesi. Flokki fólksins er brugðið við orðalag í fundargerð, sagt er að "verði ekki hægt að urða í Álfsnesi má búast við að "neyðarástand skapist og SORPU verði ómögulegt að sinna skyldum sem settar eru á sveitarfélög um að tryggja leiðir til förgunar úrgangs." Er rétt að það stefni í neyðarástand? Er rétt að ekki sé gert ráð fyrir stofnfjárframlögum frá eigendum á árunum 2023-2027?“

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 16. nóvember 2022. Beðist er velvirðingar á hve dregist hefur að svara fyrirspurninni.

Svar við spurningu 1:

Eins og fram kemur í fundargerð 473. fundar stjórnar Sorpu þann 21. október 2022, og lögð var fram til kynningar í umhverfis- og skipulagsráði, vísaði stjórn Sorpu áformum um nýja endurvinnslustöð við Lambhagaveg og leiðir til fjármögnunar til staðfestingar hjá eigendavettvangi Sorpu. Í fundargerð eigendafundar Sorpu sem haldinn var 21. nóvember 2022, og finna má á vef SSH, segir: „Eigendavettvangur staðfestir fyrir sitt leyti bókun stjórnar Sorpu frá 21. október sl. en vísar endanlegri ákvörðun til umræðu og afgreiðslu sveitarfélaganna. Er stjórn og framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir gagnvart sveitarfélagunum. Er stjórn Sorpu bs. þá falið að leita hagkvæmustu leiða við fjármögnun í samráði við sveitarfélögin.“ Þessari vinnu er ekki lokið.

Bent er á að um 60% af úrgangi frá heimilum fer um endurvinnslustöðvar Sorpu, um 40% er safnað við heimili. Endurvinnslustöðvarnar eru því mikilvægur hlekkur í úrgangsstjórnun á höfuðborgarsvæðinu. Endurvinnslustöðvar Sorpu voru byggðar árið 1991 og tóku þá á móti 8 úrgangsflokkum. Flokkarnir eru 40 í dag og umferð um stöðvarnar allt önnur og meiri. Því er brýnt að endurnýja stöðvarnar.

Svar við spurningu 2:

Nei, það stefnir ekki í neyðarástand. Samkvæmt viðauka við eigendasamkomulag eigenda Sorpu, dags. 6. nóvember 2023, hefur nýting urðunarstaðarins í Álfsnesi verið framlengd til



Reykjavíkurborg

ársloka 2030. Með aukinni flokkun við heimili og flutningi á blönduðu sorpi erlendis til brennslu hefur urðun dregist saman um 90%.

Svar við spurningu 3:

Já, það er rétt sem áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins las í rekstraráætlun Sorpu fyrir árin 2023-2027, ekki var gert ráð fyrir stofnfjárframlögum frá eigendum á árunum 2023-2027. Í rekstraráætlun Sorpu fyrir árin 2025-2029 er heldur ekki gert ráð fyrir stofnfjárframlögum frá eigendum.

Virðingarfyllt,
Guðmundur Benedikt Friðriksson
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa umhverfisgæða